



Hljómsveitin Bland í poka stóð fyrir barnaballi í Iðnó í gær. Ballið var fjölsótt og augljóst að unga kynslóðin undi hag sínum vel enda farið að stytast til jóla. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Aldrei nein óvissa með dótturfélag RÚV

Ríkisendurskoðandi segir að sú lagaskylda hafi hvílt á Ríkisútvarpinu að stofna sérstakt dótturfélag um samkeppnisrekstur. Um það hafi ekki verið nein óvissa. Stofnunin hafi því brotið lög frá því í byrjun síðasta árs með því að uppfylla ekki þessa skyldu sína.

STJÓRNSÝSLA Skúli Eggert Þórðarson ríkisendurskoðandi segir aldrei hafa ríkt óvissu um að RÚV bæri að stofna dótturfélag. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem kom út í lok síðustu viku segir að RÚV hafi brotið lög frá því í byrjun árs 2018 með því að stofna ekki dótturfélag um samkeppnisrekstur.

Kári Jónasson, stjórnarformaður RÚV, sagði við Fréttablaðið að óvissa hefði ríkt um stofnun dóttur-

félags vegna virðisaukaskattmála. „Þetta er það sem við höfum verið að biða eftir og nú munum við bara bretta upp ermarnar og í næstu viku munum við setja á stofn vinnuhóp og undirbúa stofnun dótturfélags. Þetta átti að vera tilbúið í vor frá Ríkisendurskoðun en hefur dregist. Við erum mjög fegin að vera loksins búin að fá stimpilinn frá Ríkisendurskoðun,“ sagði Kári. Skúli Eggert segir að ekki hafi

verið nein óvissa um þetta. „Frá ársbyrjun 2018 hefur það verið alveg skýr lagaskylda að stofna dótturfélag.“

Að auki hafi það ekki verið hlutverk Ríkisendurskoðunar að eyða slíkri óvissu. „Ríkisendurskoðun fékk fyrirspurn frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu um hvort aðskilnaður væri í bókhalda. Í framhaldi kom beiðni til embættisins um að kanna fjárhagslega



Skúli Eggert Þórðarson, ríkisendurskoðandi.

aðskilnaðinn. Ríkisendurskoðun hóf stjórnarsýsluúttekt í framhaldinu sem tæki til fjármögnunar, reikningskila og samkeppnisreksturs

RÚV hinn 11. desember 2018,“ segir Skúli Eggert.

„Vorið var ekki sérstaklega til umræðu. Fyrstu gögn frá RÚV bárust í janúar 2019 og fyrstu skýrsludrög voru til meðferðar hjá RÚV um mánaðamótin maí-júní. Í kjölfarið kom mikið gagnamagn frá RÚV.“

Skýrsludrögin voru send út til umsagnar í september síðastliðnum og komu síðustu athugasemdir frá RÚV í lok október. – ab

Gerli lítið úr öryggisráði

VARNARMÁL Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, segir svör forsætisráðherra við fyrirspurnum sínum um öryggis- og varnarmál vekja upp fleiri spurningar en þau svari. Hún lagði fram fimm fyrirspurnir fyrir forsætisráðherra og svör við þeim hafa nú borist.

Í svörum forsætisráðherra segir að Þjóðaröryggisráð taki hvorki afstöðu til spurninga um varnarsamninginn né evrópskt varnarsamstarf. Þá hafi ráðið ekki gert áætlanir um umhverfis- og öryggishagsmunum á norðurlóðum.

„Það segir skýrt í lögum um Þjóðaröryggisráð og í Þjóðaröryggisstefnunni að ráðið eigi að meta ástandið og horfur í öryggis- og varnarmálum,“ segir Þorgerður.

– sar / sjá síðu 4

Fuglamyndir í stað flöskunnar

SAMFÉLAG Árið 2017 setti Austfirðingurinn Aðalsteinn Pétur Bjarkason tappann í flöskuna og tók upp myndavélina í staðinn. Hann hafði lengi barist við áfengis- og fíkniefnadjöfulinn. Síðan þá hefur hann ljósmyndað fugla, bæði algenga og fágæta.

Kveikjan að áhuganum voru mandarínendur sem urðu á vegi Aðalsteins og hann fangaði með myndavélinni á Húsavík en þær höfðu strokið frá Bretlandi.

Aðalsteinn hefur síðan elt uppi fugla, bæði algenga og fágæta flækjunga, og tekur einnig landslagsmyndir og fleira. Hann segir þetta hjálpa til við að halda sér á beinu brautinni. Þegar félagarnir hringi og vilji fá hann á barinn fer hann frekar út með myndavélina.

– khg / sjá síðu 2

Vaxtalaus afborgun af
**ÖLLUM ÚRUM
OG SKARTGRIPUM**



MICHELSEN
1909


Hafnartorg - michelsen.is

nettó

GLÆNÝR FISKUR Í DAG
í verslunum Nettó



Veður



Norðaustan 3-8 m/s, en 8-13 við SA-ströndina. Léttskýjað á V-verðu landinu, annars skýjað og dálítil slydda eða rigning A-lands. Viða léttskýjað á morgun, en skýjað og stöku el A-lands. **SJÁ SÍÐU 16**

FRÉTTABLAÐIÐ

Af vefnum



Kári Stefánsson forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar

Kári sendir ráðherra fjármála tóninn

Það má vel vera að um sé að ræða raunverulegan söknud af þinni hálfu en hann kemur skringilega fyrir sjónir ef horft er til þess sem á undan er gengið.

Árið 2016 skrifuðu 85 þúsund Íslendingar undir áskorun á stjórnvöld að auka hluta vergrar landsframléiðslu sem varið er til heilbrigðisþjónustu og tjáðu á þann hátt þann vilja sinn að betur yrði hlúð að þeim sem eru meiddir og lasnir í okkar samfélagi.

Nú þremur árum síðar eyðum við ívið minni hluta af vergu landsframléiðslunni í heilbrigðismál en við gerðum árið 2016. Í þessu felst hluti af vanda Landspítalans. Þjóðin hefur ákveðna skoðun á heilbrigðiskerfinu og hefur til þess væntingar sem ríma engan veginn við þau fjárlög sem Alþingi hefur samþykkt á undanförunum árum.

Undirskriftasöfnunin hefði átt að vera þér Bjarni, sem fjármálaráðherra, full ástæða til þess að hefja umræðuna djúpu um Landspítalann í stað þess að halda áfram að standa fyrir því að honum var skammtað fé langt undir þörfum þannig að hann hlaut að skila tapi. Svo ertu pirraður á því að skýringin á tapi spítalans í hittidýfyrri hafi verið ein, í fyrria önnur og í ár sú þriðja.

Lestu greinina í heild á frettabladid.is/skoðun

Íslandsmeistaramót í grjótglímu



Íslandsmeistaramótaráð í grjótglímu lauk í gærkvöldi í Klifurhúsinu við Ármúla. Í kvennaflokki sigraði Sigríður Þóra Flygenring en fast á hæla henni kom Hjördís Björnsdóttir, sem hér sést sigrast á erfiðri leið. Það var Guðmundur Freyr Arnarsson sem sigraði í karlaflokki. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI**



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Leita erlendra árásarmanna

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitar að þremur erlendum mönnum í tengslum við fólkskulega árás á þrjá dyraverði. Árásin átti sér stað á skemmtistaðnum Sólon 20 mínútur yfir eitt í nótt.

Guðmundur Páll Jónsson hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu segir leitina þrengjast og að ekki sé um ferðamenn að ræða. „Þetta mjakast áfram. Við gerum allt til að finna þessa náunga,“ segir hann.

Tveir dyravarðanna voru flutti á bráðamóttöku Landspítala eftir árásina, annar eftir spörk í höfuðið og hinn eftir að hafa fengið glas í höfuðið. Sá þriðji hlaut minniháttar mar og kúlu. – khg

Sigraðist á áfenginu með fuglaljósmyndun

Árið 2017 setti Austfirðingurinn Aðalsteinn Pétur Bjarkason tappann í flöskuna og tók upp myndavélina í staðinn. Hann hafði lengi barist við áfengis- og fikni-efnadjöfulinn. Síðan þá hefur hann ljósmyndað fugla, bæði algenga og fágæta.

SAMFÉLAG Aðalsteinn Pétur Bjarkason er rúmlega fertugur Austfirðingur, fæddur í Breiðdalnum en býr nú á Djúpavogi. Hann hefur starfað við ýmislegt, til dæmis byggingarvinnu víða á Norðurlandi. Aðalsteinn segir að áfengisneysla hafi verið mikið vandamál í mörg ár og einnig hafi hann leiðst út í fikni-efnanotkun.

„Árið 2017 fór allt til fjandans, ég skildi og vinnan var að sliga mig. Á þessum tíma var áfengið kvöldmat-urinn. Ég drakk mikið hvern einasta dag,“ segir hann. „Ég fann að ég réð ekki við þetta. Klukkan þrjú var ég kominn með skjálfta.“

Í stað þess að fara í meðferð ákvað Aðalsteinn að fara í sveitina til móður sinnar. Það var 4. febrúar og Aðalsteinn dvaldi þar í mánuð. Hefur hann ekki snert áfengi síðan. Eftir þá dvöl fór hann til Húsavíkur að vinna og keypti sér góða myndavél.

„Þar sá ég þessar mandarínendur, sem voru nýkomnar til Húsavíkur. Ég náði að fanga þær með myndavélinni úr tveggja metra fjarlægð og eftir það hefur dellan verið óstöðvandi,“ segir hann. En endurnar voru merktar og höfðu sloppið úr safni í Bretlandi.

Aðalsteinn hefur síðan elt uppi fugla, bæði algenga og fágæta flæk-inga, og tekur einnig landslagsmyndir og fleira. Hann segir þetta hjálpa til við að halda sér á beinu brautinni. „Þegar félagarnir hringja og spyrja hvort ég vilji koma á barinn, þá fer ég frekar eitthvað út fyrir bæinn og tek myndir.“ Segist hann hafa unað af því að fylgjast með hegðun fuglanna, smáatriðum sem fæstir taka eftir.

Aðspurður um fallegasta fuglinn



Mandarinuöndin sem kveikti ljósmyndaá hugann. MYND/AÐALSTEINN PÉTUR

Á þessum tíma var áfengið kvöldmaturinn. Ég drakk mikið hvern einasta dag.

Aðalsteinn Pétur Bjarkason



segir Aðalsteinn ekkert toppa rjúpuna í vetrarbúningi. Af farfuglum heillar krian hann mest. Sú var þó tíðin að hann óttaðist fugla, sem má rekja til þess þegar aligæsir réðust á hann sem barn á sveitaheimilinu. „Í dag get ég staðið í miðju kriuvarpri og myndað,“ segir hann.

Á ferðum sínum segist Aðalsteinn taka eftir fjölgun flækingsfugla. „Á mánudag myndaði ég grákráku á Hornafirði og um daginn voru silki-

toppur á Fáskrúðsfirði sem ég elti í þrjá tíma og tók 800 myndir.“

Aðalsteinn hefur enn ekki sett upp sýningu en hann segir að það sé á framtíðarplaninu. Hann ætli til dæmis að setja upp sýningu fyrir fólkið sem býr á dvalarheimilinu á staðnum.

Auk þess að hafa barist við fikni berst Aðalsteinn enn þá við þunglyndi og hefur meðal annars leitað aðstoðar sálfræðings. Hann segir að útiveran og ljósmyndaá huginn hafi einnig hjálpað sér í þeirri baráttu. Hann segist einnig hafa fengið góðan stuðning við að sjá dóttur sína og vinkonu hennar, sem eru 19 ára, vinna stórt verkefni um fikni í Verkmenntaskólanum á Akureyri sem fjallað hefur verið um á sjónvarpsstöðinni N4. „Þetta byggir mig upp,“ segir hann.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ALLT fyrir listamanninn


Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



AYGO

KOMASO



VERTU Í SAMBANDI MEÐ SNJALLARI AYGO

Verð frá: 1.960.000 kr.

AYGO státar af glæsilegu útliti og enn betra rými að innan og beinni tengingu við snjallsímann þinn svo að þú njótir ferðarinnar enn betur.

2 ára þjónustupakki fylgir með nýjum Aygo, viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14



FRÉTTABLAÐIÐ IS

1 „Þetta sveið svo ógurlega“
Sara Björk Gunnarsdóttir, fyrirlíði islenka landsliðsins, gerir upp uppvaxtarár sín í heimi knattspyrnu í nýrri bók.

2 Telja sig hafa fundið svarta ekkju í vinberjapoka úr Krónunni Par úr Garðabænum rakst á könguló í vinberjapoka frá Kaliforníu nú í vikunni.

3 Prinsinum hent út úr höllinni Andrew var góðvinur milljarðarmæringisins Jeffreys Epstein og hefur meðal annars verið sakaður um að hafa misnotað sautján ára gamla stúlkuna í teiti hjá honum.

4 „Ég ætla því að kyngja stoltinu og biðja um aðstoð“ Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir, baráttukona fyrir réttindum fatlaðs fólks, óskar eftir aðstoð vegna fjárhagsvandæða eftir ferð með bilinn upp á verkstæði.

5 Ákærð vegna þess að stjúp-börnín sáu hana bera að ofan Hin 27 ára gamla Tilli Buchanan gæti átt yfir höfði sér að vera fundin sek um að hafa brotið gegn reglum ríkisins um saurlifnað.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

Seiðaeldi í ós sjóbirtingsár

FISKELDI Umfang framkvæmda og tilgreindar mótvægisáðgerðir eru þess eðlis að umhverfisáhrif verði óveruleg sé þeim fylgt eftir, segir skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss varðandi áformað eldi á 100 tonnum af laxaseiðum í stöð Laxa á Fiskalóni.

„Frænnslí stöðvarinnar deilir ós með Varmá/Þorleifslæk og Ölfusá og þar fara um þúsundir laxfiska – lax, sjóbirtingur og sjóbleikja – á hverju ári. Því er mikilvægt að ristar og sleppigildrur séu ávallt í lagi til að koma í veg fyrir blöndun eldisfiska við villta fiska,“ undirstrikar nefndin þó. „Ristar/sleppigildrur skulu vera við hvert ker sem og í sameiginlegu frænnslí stöðvarinnar.“ – gar

Tekjur í hagkerfinu vaxa og eigið fé fyrirtækja styrkist um tíu prósent

VIÐSKIPTI Heildarvöxtur tekna í viðskiptahagkerfinu var um 6,2 prósent á síðasta ári miðað við árið á undan. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Samtals voru tekjurnar 4.400 milljarðar króna í fyrra. Heildartekjur sjávarútvegs jukust mest, um 44 milljarðar króna, eða fimmtán prósent.

Tekjur í tækniframleiðslu jukust um þrettán milljarðar króna, sem er þrettán prósent vöxtur og tekjur

af málmframleiðslu jukust um 29 milljarðar króna, eða sem samsvarar 13 prósent hækkun. Þá hækkuðu heildartekjur einkennandi greina ferðaþjónustu um 31 milljarðar króna sem er fimm prósent vöxtur.

Eigið fé í hagkerfinu jókst í heild um riflega tíu prósent og var í lok árs 3.300 milljarðar króna.

Eigið fé heildsöluverslana jókst um 24 milljarðar króna milli ára, eða um fimmtung, í tækniframleiðslu jókst eigið fé um 28 milljarðar

4.400

milljarðar voru tekjur lögaðila í fyrra.

króna sem sömuleiðis er fimmtug-saukning. Í smásöluverslun jókst eigið fé um 28 milljarðar króna, eða sextán prósent. Eigið fé í ferðaþjón-

ustu lækkaði á hinn bóginn um 13 milljarðar króna í fyrra og er það samdráttur um ellefu prósent. Það má að mestu leyti rekja til lækkunar eigin fjárfelaga í flugrekstri að því er Hagstofan segir.

Launakostnaður jókst nokkuð á árinu 2018, eða um 61 milljarðar króna. Í einstaka greinum eykst launakostnaður mest í tækniframleiðslu, eða um fimmtán prósent, tólfprósent í ferðaþjónustu og ellefu prósent í sjávarútvegi. – jþ

Segir að gefin svör geri lítið úr starfsemi þjóðaröryggisráðs

Formaður Viðreisnar segir svör forsætisráðherra við fyrirspurnum sínum um öryggis- og varnarmál vekja upp fleiri spurningar en þau svara. Þjóðaröryggisráð sé ekki upp á punt.

VARNARMÁL „Það er með ólíkindum að það sé ekki hægt að svara þessu. Það er eins og annaðhvort hafi þetta bara ekki verið hugsað og það er ekkert að gerast í þjóðaröryggisráði, eða að þetta eru óþægilegar og viðkvæmar spurningar sem erfitt er fyrir forsætisráðherra að svara,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, um svör forsætisráðherra við fyrirspurnum hennar um öryggis- og varnarmál.

Þorgerður Katrín lagði fram fimm fyrirspurnir og svör bárust fyrir helgi. Snerust fyrirspurnirnar um vinnu þjóðaröryggisráðs við endurskoðun þjóðaröryggisstefnu, skoðun ráðsins á gildi varnarsamningsins, afstöðu þess til evrópsks varnarsamstarfs, áætlanir varðandi umhverfis- og öryggishagsmunir Íslands á norðurslóðum og skoðun ráðherra á hvort sérfræðipækking í öryggismálum sé fullnægjandi.

Í svörum forsætisráðherra segir að þjóðaröryggisráð taki hvorki afstöðu til spurninga um varnarsamninginn né evrópskt varnarsamstarf. Þá hafi ráðið ekki gert áætlanir um umhverfis- og öryggishagsmunir á norðurslóðum. Þá sé það utanríkisráðuneytisins að tryggja sérþekkingu í málaflokknum. Sé óskað eftir nánari svörum er bent á utanríkisráðuneytið.



Fyrsti fundur þjóðaröryggisráðs var haldinn í maí 2017 og í því sitja ellefu fulltrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Það er ástæða fyrir því að ég beini þessu til forsætisráðherra sem er formaður þjóðaröryggisráðs. Það segir skýrt í lögum um þjóðaröryggisráð og í þjóðaröryggisstefnunni að ráðið eigi að meta ástandið og horfur í öryggis- og varnarmálum,“ segir Þorgerður Katrín.

Hún velti fyrir sér hvornig það mat ráðsins fari fram ef það hefur ekki aðgang að sérfræðipækkingu. „Mér finnst þessi svör gera lítið úr mikilvægri starfsemi og samhafingarhlutverki þjóðaröryggisráðs. Ráðið er ekki upp á punt.“ Vitað sé að þessi mál eru erfð fyrir Vinstri græn sem hafi sagst ætla að fylgja þjóðaröryggisstefnunni eftir. „Þótt

þau hafi ekki samþykkt stefnuna þá er þetta hluti þess að vera í þessari ríkisstjórn. En því er bara ekki verið að fylgja nægilega vel eftir.“

Þorgerður spyr hvers vegna það hafi ekki verið sett í stjórnarsáttmála að forsætisráðherra væri ekki formaður þjóðaröryggisráðs, heldur formaður Sjálfstæðisflokksins eða utanríkisráðherra.

Sjálf situr Þorgerður í þingmannanefnd NATO en hún er nýkomin til landsins frá Jórdaníu af fundi öryggis- og varnarmálanefndar NATO-þingsins.

„Á þessum vettvangi fáum við alls kyns upplýsingar. Maður sér að það eru margs konar atburðir að

gerast víða um heim sem geta haft mikil áhrif á okkur öll.“

Á norðurslóðum sé aukinn áhugi Kínverja og meiri fyrirferð í Rússum. „Þessi skyndilegi áhugi Bandaríkjamanna á okkur er ekki af því að þeir vilja efla verslun og viðskipti. Þeir vilja fyrst og fremst auka aðgang sinn að þessu mikilvæga svæði. Þetta snýst um öryggis- og varnarmál og þess vegna er ég hissa á því að það skuli ekki vera búið að kortleggja þetta betur þannig að það sé hægt að svara einföldum spurningum um starfsemi og rannsóknir og verkefni á vegum þjóðaröryggisráðs.“

sighvatur@frettabladid.is

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF TILBOÐ Á VÖLDUM SÝNINGARBÍLUM ERUM Í SAMNINGSSTUÐI

jeep.is



JEEP® WRANGLER
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
FRÁ: 11.590.000 KR.

JEEP® GRAND CHEROKEE
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
FRÁ: 9.990.000 KR.

JEEP® CHEROKEE
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
FRÁ: 7.490.000 KR.

JEEP® RENEGADE
TILBOÐSVERÐ Á SÝNINGARBÍL
FRÁ: 4.990.000 KR.

ISBAND

UMBODSADILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

Jeep
THERE'S ONLY ONE

TILBOÐ DAGSINS HEFJAST Í DAG OG GILDA ÚT VIKUNA EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

AIR

Hægindastóll með skemli frá Conform. Svart leður, svört eik og svart ál. Fánlegur bæði í hefðbundinni stærð og XL.

**BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
35%
AFSLÁTTUR**



Hefðbundinn: 80 x 78 x 101 cm

220.987 kr. -339.980 kr.

XL: 80 x 78 x 109,5 cm

237.237 kr. -364.980 kr.

VIÐ TELJUM NIÐUR Í
**BLACK
FRIDAY**

**SVARTAN FÖSTUDAG
TILBOÐ
DAGSINS**



**BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
45%
AFSLÁTTUR**

PINNACLE
LA-Z-BOY
hægindastóll.
Svart leður.

St.: 84 x 90 x 100 cm

98.995 kr. -179.990 kr.



**BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
50%
AFSLÁTTUR**

RIA

Tungusófi í retro-útliti. Hægri eða vinstri tunga. Bleikt (Dusty Rose) sléttflauel eða dökkgrátt áklæði. Svartir viðarfætur. Stærð: 222 x 148 x 78 cm

79.995 kr.

-159.990 kr.



**BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
40%
AFSLÁTTUR**

VENICE

Borðlampi í klassísku útliti. Fótur hvítur og króm. Hvítur skermur.

11.994 kr. -19.990 kr.

**BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
70%
AFSLÁTTUR**

LOIRET

Sófa- og hornborð. Plata úr aski og grind úr brassi eða stáli.

Stærð: Ø 99,5 H: 41 cm

**38.997 kr.
-129.990 kr.**



Stærð: Ø 50,5 H: 60 cm

**23.997 kr.
-79.990 kr.**

**BLACK FRIDAY
TILBOÐ
DAGSINS
50%
AFSLÁTTUR**

HUNTINGTON

Borðstofustóll. Ljósgrátt, slitsterkt áklæði. Svartir stálfætur.

7.995 kr. -15.990 kr.



Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður 10 – 18 virka daga
Skeiði 1 11 – 16 laugardaga

www.husgagnahollin.is
558 1100

**HÚSGAGNA
HÖLLIN**



Í BÍTIÐ



SÍÓNVARP



BYLGJAN.IS



APPID



FM 98.9

Heimir og Gulli vakna í morgunsárið á Bylgjunni.

ALLA VIRKA DAGA
MILLI 06:50 OG 10:00.

BYLGJAN
989



Prófessor í félagsráðgjöf segir fræðslu og ráðgjöf geta nýst í hörðustu skilnaðarmálunum. NORDICPHOTOS/GETTY

Sáttamiðlun ekki til að framlengja hjúskap

Sigrún Júlíusdóttir, prófessor emerita, segir að sáttamiðlun sé í eðli sínu gerð til að bæta samskiptin við og eftir skilnað. Rætt er um hvort fella eigi skyldu úr lögum en Sigrún óttast að barnafólk missi þá af fræðslu og stuðningi.

SAMFÉLAG Nýlega lögðu átta þingmenn fram þingsályktunartillögu um að einfalda og hraða meðferð hjónaskilnaða í þágu þolenda heimilisofbeldis. Í tillögunni er meðal annars lagt til að skylda til sáttaumleitana verði afnumin.

Sigrún Júlíusdóttir, prófessor emerita við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, telur að hugsa verði málið í víðara samhengi. Sáttamiðlun sé í eðli sínu ekki gerð til að halda fólki lengur í hjúskap, heldur til að bæta samskipti fólks í kringum og eftir hjúskaparslit. „Það er hægt að eiga góðan skilnað,“ segir hún. Þetta skipti höfuðmáli þegar börn eru í spilinu og flestir geti nýtt sér fræðslu og ráðgjöf.

„Þingsályktunartillagan er gerð til að einfalda og hraða meðferð og í því getur falið mikil réttarbót fyrir þolendur ofbeldis eða ofríkis á heimili. En það er hins vegar mjög snúið að meta hver kúgar hvern í þessum samskiptum því þau geta verið flókin og lævis,“ segir Sigrún sem hefur starfað í málaflökknum í áratugi. „Þetta á alveg sérstaklega við þegar dómgreind foreldra skerðist sem er algengt í skilnaðardeilumálum.“

Bæði í rannsóknum og meðferðarvinnu kemur fram að hjá hluta fólks í skilnaði séu frásagnir á gráum svæðum og óljóst hvort farið hafi verið yfir mörk. „Þá er fólk allt í einu komið í þennan hóp, af því að það hefur ekki fengið viðeigandi þjónustu. Sérstaklega á þetta við um andlega ofbeldið, sem er nær ómögulegt að sanna og getur átt jafnt við um konur og karla,“ segir Sigrún.

Sigrún segir að sumir grípi til þess að saka maka sinn um ofbeldi af einhverju tagi til þess að koma höggi á hann, en tekur fram að þetta sé ekki stór hópur. Tilgangurinn er af ýmsum toga, til dæmis að ná fram skilnaði fyrr en ella og í einstaka tilvikum að koma höggi



Það er hins vegar mjög snúið að meta hver kúgar hvern í þessum samskiptum því þau geta verið flókin og lævis.

Sigrún Júlíusdóttir, prófessor

» Í málum þar sem staðið var frammi fyrir dómstólameðferð tókst að hjálpa fólki þannig að sátt náðist um samskiptin í um 60 prósentum tilvika.

á hitt foreldrið í því samhengi. Sigrún óttast að stada barnanna gæti orðið verri ef ekki er hugað vel að áhrifum þessa á börnin.

„Fólk sér það oft ekki fyrir hvernig það hagar baráttu sinni. Ef reglurnar um skilnað verða rýmkaðar of mikið er hætt við að þá muni einhverjir velja þessa aðferð í stað-

inn fyrir hefðbundna skilnaðarráðgjöf, að fá fræðslu, ráðgjöf og stuðning, þá sérstaklega hvernig megi vernda börnin og undirbúa þau á góðan hátt,“ segir hún.

Að sögn Sigrúnar er reynslan bæði af skilnaðarráðgjöf og sáttaamiðlun almennt góð og á Norðurlöndunum sé hún víðast veitt og í boði fyrir alla foreldra sem skilja. „Tilgangurinn er ekki sá að fólk þrauki lengur í hjónabandinu, heldur til þess að það fari í gegnum skilnaðinn sem uppbyggilegt ferli. Að foreldrarnir hafi þroskast og lært um sjálfa sig sem einstaklinga og sitt skipsbrot og fengið fræðslu um hvernig eigi að haga fjölskyldusamskiptum eftir skilnað,“ segir hún. „Þetta á einnig við í þessum hörðustu málum. Það er ótrúlega margt fólk sem sér að sér og getur nýtt sér vel slíka þjónustu.“

Sigrún stýrði rannsókn á gagnsemi sáttamiðlunar hjá ýslu-mannsembættunum á Íslandi. Í málum þar sem staðið var frammi fyrir dómstólameðferð tókst að hjálpa fólki þannig að sátt náðist um samskiptin í um 60 prósentum tilvika. „Það er ekki lítið í ljósi þess að þetta eru hörðustu málin,“ segir hún. Þessi reynsla sjáist einnig annars staðar, til dæmis í Danmörku.

Sigrún tekur undir það sem fram kemur í þingsályktunartillögunni um að fjárskortur og mannekla séu mikil í málaflökknum. „Eins og málur er háttað í okkar velferðarkerfi erum við ekki að setja samskipti fjölskyldna í forgang. Þrátt fyrir Barnasáttmálann og alla umræðuna um réttindi barna til að vera upplýst, fá stuðning og eiga rétt til beggja foreldra, erum við samt ekki komin lengra en þetta í skilnaðarmálunum. Það er þó á döfinni að félagsþjónusta sveitarfélaga feti í fótspor hinna Norðurlandanna með innleiðingu slíks forvarnarstarfs fyrir fjölskyldur í skilnaði.“


kristinnhaukur@frettabladid.is

Hitum
upp

fatboy

Svartur
föstudagur

30-50%
afsláttur



Komdu í verslun Fatboy Ármúla 44
og Gerðu frábær kaup

25 ÁRA AFMÆLISDÝNA BETRA BAKS

Sinfonia

VEFVERSLUN
www.betrabak.is

OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN



HÖFUM LAGT GRUNN AD GÓÐUM DEGI Í

25 ÁR

STÆRSTI DÝNU-
FRAMLEIÐANDI
VERALDAR

Í tilefni 25 ÁRA AFMÆLIS BETRA BAKS höfum við í náinni samvinnu við sérfræðinga SERTA, stærsta dýnuframleiðanda veraldar, sérhannað og framleitt Sinfoniu, einstaka heilsudýnu fyrir viðskiptavinum sem kjósa gæði og gott verð.

SINFONIA er einstaklega þægileg dýna með 7 hægingdalögum. Lögin eru samsett úr hágæða svampi og lagi úr náttúrulegu Talalay-latexi sem saman gefa mýkt og stuðning á réttum svæðum. Sinfonia er með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi og stýrist hreyfing gormanna af mismunandi þunga líkamssvæða. Þannig veitir dýnan alltaf hárréttan stuðning. Gormakerfið er mýkra á axlasvæðum og við mjóbak til að halda réttri sveigju á líkamanum alla nóttina. Steyptar kantstyrkingar gefa þér um 25% meira svefnrými og eykur það endingu dýnunnar. Áklæðið utan um dýnuna er úr 100% bómull og andar einstaklega vel.

SERTA SINFONIA VÖNDUÐ Á JÓLAVERÐI

STÆRD	FULLT VERÐ STÖK DÝNA	JÓLAVERÐ MEÐ COMFORT BOTNI OG FÓTUM
120x200 cm	89.900 kr.	127.900 kr.
140x200 cm	99.900 kr.	139.900 kr.
160x200 cm	109.000 kr.	159.900 kr.
180x200 cm	119.000 kr.	179.900 kr.
180x210 cm	129.900 kr.	199.900 kr.
192x203 cm	134.900 kr.	203.900 kr.

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100SKEIDI 1
Ísafirði
456 4566Beta
BAK

Ljósmyndarar fylgja drottningunni hvert sem hún fer í daglegum verkefnum sínum. NORDICPHOTOS/GETTY

Útreiðartúr talinn til stuðnings við Andrés

Reiðtúr hinnar 93 ára gömlu Bretadrottningar og 59 ára gamals sonar hennar hefur umfjöllunar efni fjölmiðla í Bretlandi. Þykir drottningin hafa verið að senda skilaboð um stuðning við prinsinn.

BRETLAND Frá því er greint í breskum fjölmiðlum að sést hafi til Elísabetar Englandsdrottningar og sonar hennar, Andrésar prins, í útreiðartúr í nágrenni Windsorkastala á föstudag.

Eins og kunnugt er hefur gústað nokkuð um Andrés í kjölfar viðtals á sjónvarpsstöðinni BBC þar sem hann ræddi tengsl sín við Jeffrey Epstein. Frá því var greint að hann myndi draga sig í hlé frá opinberum skyldum fjölskyldunnar um fjórsjáanlega framtíð, eins og það var orðað í tilkynningu, og féllst drottningin á það, eins og þar kom fram.

Næg tíðindi ættu að teljast að

Elísabet, sem er 93 ára, skuli halda til útreiða, en ekki síður hefur það vakið athygli að Andrés skuli hafa verið með í för, svo skömmu eftir að hann dró sig í hlé.

Fréttaskýrendur sumir hafa dregið þá ályktun að útreiðartúrin hafi ekki verið tilviljun og með honum hafi drottningin viljað lýsa stuðningi sínum við prinsinn, þó með óbeinum hætti sé. Fastlega hefði mátt búast við því að þau næðust á mynd þar sem ljósmyndarar vaka gjarna yfir hverju fötmáli drottningar.

Með þessu hafi Elísabet viljað undirstrika að jafnvel þótt Andrés axli ekki opinberar skyldur sem hann hafði, sé hann enn hluti konungsfjölskyldunnar.

Andrés prins, sem er annar sonur Elísabetar og af sumum talinn í meira eftirlæti drottningar en eldri sonur hennar, Karl ríkisarfari, hefur sætt harðri gagnrýni fyrir að hafa ekki sýnt fórnarlömbum Epsteins nærgætni í viðtalinu á BBC.

Þótt Elísabet hafi enn ekki tjáð sig um tengsl Andrésar við Epstein, og er ekki talið að til þess komi, er þetta ekki í fyrsta sinn sem hún

» Með þessu hafi Elísabet viljað undirstrika að jafnvel þótt Andrés axli ekki opinberar skyldur sem hann hafði, sé hann enn hluti konungsfjölskyldunnar.

gefur stuðning sinn við Andrés til kynna opinberlega. Þann 11. ágúst síðastliðinn, daginn eftir andlát Epsteins í bandarísku fangelsi, ferðuðust þau saman í bíl drottningar til kirkju.

Margir hafa á samfélagsmiðlum látið í ljós efasemdir um hvort það teljist viðeigandi fyrir drottningu að sýna stuðning sinn við Andrés með svo áberandi hætti.

jon@frettabladid.is


Hundar verða miðaldra tveggja ára

VÍSINDI Vísindamenn við Kaliforníuháskóla í borginni Oakland hafa komist að því að svokölluð hundaár séu goðsögn og að hundar verði miðaldra um tveggja ára aldurinn.

Samkvæmt hefðbundnum hundaársreikningum hefur eitt ár í lífi hunds verið samsvarað sjö árum í lífi manna. En miðað við rannsóknina hafa hundar við þriggja ára aldurinn svipaða líkamsstarfsemi og fimmtug manneskja en ekki tvítug.

Helstu rannsóknirnar voru gerðar á erfðaeftir hunda og manna. Eftir því sem frumurnar þroskast breytist erfðaeftirnið, sem gerir vísindamönnum kleift að reikna út lífaldurinn.

Þó að hundar eldist hratt fyrstu árin þá hægist á öldruninni eftir fyrstu árin. Er því tíu ára gamall hundur í svipuðu formi og sjötug manneskja. Þetta eru þó nokkuð



Labrador retriever verður miðaldra hratt. NORDICPHOTOS/GETTY

» Miðað við rannsóknina hafa hundar við þriggja ára aldurinn svipaða líkamsstarfsemi og fimmtug manneskja en ekki tvítug.

mikil einföldun því að munur er á tegundum.

Einnig voru hvolpar rannsakadír. Samkvæmt því kom í ljós að 8 vikna hvolpar hafa svipaða líkamsstarfsemi og 9 mánaða börn. – khg



DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR



BLACK FRIDAY
**50%
BOMBA**

NANCY
hægindastóll
með skemli

Hægindastóll í sígildu útliti.
Svörtu eða grátt PVC leður.

Fullt verð: 89.900 kr.

44.950 kr.

- Svæðaskipt poka-gormakerfi
- Burstaðir stálfætur
- Sterkur botn
- 320 gormar á fm²
- Steyptar kantstyrkingar

**NATURE'S
SUPREME**
heilsudýna



BLACK FRIDAY
**35%
BOMBA**

160 x 200 cm. Fullt verð: 89.990 kr.

Aðeins **58.435 kr.**

180 x 200 cm. Fullt verð: 99.990 kr.

Aðeins **64.935 kr.**

BLACK FRIDAY
**40%
BOMBA**



MITRA
náttborð

Hvítt með skúffu og viðarfótum.

Fullt verð: 23.900

Aðeins **14.340 kr.**

LÚXUS

Hvítur baðsloppur L / XL

Fullt verð: 9.990

Aðeins
4.995 kr.



BLACK FRIDAY
**50%
BOMBA**



BLACK FRIDAY
**35%
BOMBA**

NELLE

Dádyr frá Boltze.
15 cm svart, 2 gerðir

Fullt verð: 290 kr.

Aðeins
189 kr.

Black Friday NIÐURTALNING

TILBOÐ DAGSINS

Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

VEFVERSLUN DORMA
{ ALLTAF OPIN }

www.dorma.is



CLIPSTON

Skemmtilegt svart, grátt eða hvítt hliðar-
borð úr málm. Þverm. 38,5 cm H: 48 cm

Fullt verð: 5.900 kr.



BLACK FRIDAY
**70%
BOMBA**

Aðeins **1.770 kr.**

OSWALD

3ja sæta sófi og stóll



BLACK FRIDAY
**60%
BOMBA**

Slitsterkt, dökkgrátt Malmö áklæði
og ljósir viðarfætur

Sófi: 185 x 84 cm. Fullt verð: 89.900 kr.

Aðeins **35.960 kr.**

Stóll: 93 x 84 cm. Fullt verð: 59.900 kr.

Aðeins **23.960 kr.**

Afgreiðslutími
Föstudagurinn 23. nóvember
opið til kl. 22⁰⁰
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

DORMA

Láttu drauminn rætast

Áhyggjuefni fyrir borgaryfirvöld



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri sagði nýlega í fjölmiðlum að útpenslu borgarinnar væri lokið. Tilefnið var að hann hafði verið spurður hverju það sætti að útgefnum byggingarleyfum í borginni hefði fækkað um 600 frá fyrra ári.

Eins og kunnugt er hefur verið talið að nokkur skortur væri á húsnæði í borginni, einkum húsnæði sem hentar ungu fólki og þeim sem hafa lægri launin.

Dagur hélt áfram og sagði: „Nú erum við að þróa borgina inn á við, gera hana áhugaverðari og skemmtilegri.“ Borgararnir skilja þetta þannig að beina eigi uppbyggingunni að þéttingu byggðar innan borgarmarkanna þar sem það er mögulegt. Sá galli er á því ráðslagi að lóðir eru jafnan dýrari í grónum hverfum. Samhliða hafa borgaryfirvöld svo að auki fundið nýja tekjulind, innviðagjöld, og eru þau innheimt meðal annars af reitum sem flokkast sem þétting byggðar. Um lögmæti gjaldanna hefur verið efast og fullt tilefni til, enda eru sveitarfélögum settar þröngar skorður við tekjuöflun í lögum.

Hins vegar dylst engum að greiðsla innviðagjalda kemur að lokum úr vasa kaupenda íbúðanna og eiga þau sinn þátt í því að þrýsta íbúðaverði upp fyrir kaupgetu þess fólks sem helst er í húsnæðisþrengingum.

Um síðustu áramót voru íbúar í Reykjavík 128.793 og hafði fjölgað úr 122.460 á þremur árum eða um um það bil 5 prósent. Sé lítið til nágranna-sveitarfélaga kemur í ljós að hlutfallslega mest fjölgar fólki í Mosfellsbæ á sama árabili, eða um nærri 21 prósent. Í Kópavogi fjölgaði íbúum um 8,3 prósent og í Garðabæ um tæp 11 prósent á þessu árabili. Á Seltjarnarnesi og í Hafnarfirði varð fjölgunin heldur meiri en í borginni þó að ekki muni þar miklu.

Í Reykjanesbæ fjölgaði fólki um rúm 24 prósent, á Akranesi um nær 7,3 prósent, í Ölfusi um tíu prósent og í Árborg um 15,6 prósent.

Af þessari upptalningu sést að hlutfallslega er Reykjavík eftirbátur nær allra annarra sveitarfélaga í nágrenni borgarinnar þegar kemur að mannfjöldapróun.

Einn þeirra þátta sem hvað mestu ráða í vali fólks á sveitarfélagi og getu til að taka sér búsetu þar, er húsnæðisverð. Það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir borgaryfirvöld hvernig straumurinn virðist liggja til annarra sveitarfélaga. Og ekki verður með góðu móti séð að fyrirætlanir um að hætta þróun borgarinnar í jaðri hennar, það sem borgarstjóri nefnir útpenslu, og einbeita sér þess í stað að þéttingu byggðar, séu til þess fallnar að breyta þar nokkru. Nema síður væri.



Einn þeirra þátta sem hvað mestu ráða í vali fólks á sveitarfélagi og getu að taka sér búsetu þar, er húsnæðisverð

Halldór



Frá degi til dags

Framboðslisti Verkalýðshreyfingarinnar Mikið er um það rætt að verkalýðshreyfingin bjóði fram lista í næstu kosningum. Ragnar Þór Ingólfsson bar þessa hugmynd upp og virðist umhugað um að halda henni á lofti. Ljóst er að hreyfingin gæti stillt fram öflugum frambjóðendum í hverju kjördæmi.

Reykjavík norður, Sólveig Anna Jónsdóttir Eflingu. Reykjavík suður, Ragnar Þór Ingólfsson VR. Suðvesturkjördæmi, Flosi Eiríksson Starfsgreinasambandinu. Suðurlkjördæmi, Drífa Snædal ASÍ. Norðvesturkjördæmi, Vilhjálmur Birgisson Verkalýðsfélagi Akraness. Norðausturkjördæmi, Aðalsteinn Baldursson, Framsýn.

Of heitt Silfrið var sjóðheitt í gær. Fór þar fremstur Atli Þór Fanndal sem var einstaklega heitt í hamsi er hann ræddi spillingu. Vék hann orðum sínum að Jóni Gunnarsyni og sagði hann hafa hlotið mesta styrki allra frá útgerðarfyrirtækjum. Ræddi Atli einnig styrki sem Sjálfstæðisflokkurinn hafði lofað að greiða til baka en gerði ekki, kallaði flokkinn „musteri“ spillingar á Íslandi og talaði um „hversdags-sidleysi-svæðingu“. Þurfti Egill Helgason loks að stoppa Atla af og var þátturinn fjarlægður af vefsíðu RÚV síðar um daginn.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Ríkisstjórnin styðji Julian Assange



Ögmundur Jónasson fyrrverandi þingmaður og ráðherra



Nú er spurning hvað ríkisstjórn Íslands hyggst gera, koma í vörn fyrir Julian Assange og Wikileaks opinberlega eða slást í för með þeim sem vilja hefta gagnrýna fjölmiðla.

Síðastliðið vor fór breska lögreglan inn í sendiráð Ekvador í London og handtók þar Julian Assange stofnanda Wikileaks fréttaveitunnar, þar sem hann hafði haft hæli um árabli. Skömmu síðar fékk ný stjórn Ekvador sérstaka fyrirgreiðslu hjá Alþjóðdagjald-eyrissjóðnum og nú vilja Bandaríkjamenn fá Assange framseldan til Bandaríkjanna, en þar á hann yfir höfði sér 175 ára fangelsisdóm fyrir „njósnir“. Wikileaks hefur sem kunnugt er upplýst okkur um stríðsglæpi og ofbeldisverk sem ríki og einstaklingar hafa framið sem ella hefðu farið leynt. Nefni ég þar sérstaklega skjöl sem sýna fram á hryllilega stríðsglæpi í Írak og Afganistan svo og í árárhernaði NATO í Líbíu. Þau skjöl voru frá stjórnartíð Obama forseta og Hillary Clinton, utanríkisráðherra BNA, sem skýrir væntanlega hvers vegna Julian Assange fær hvorki stuðning frá Repúblikönunum né Demókrötum. Á Íslandi varð Wikileaks á allra vörum 2009 þegar birt voru bankaskjöl sem vörpuðu ljósi á dekkri hlíðar bankahransins íslenska og síðan aftur nú í svikamálu Samherja. Þessa dagana hefur Wikileaks, sem Íslendingurinn Kristinn Hrafnsson nú veitir styrka forystu, upplýst um misbeitingu valds innan OPCW, þeirrar alþjóðastofnunar sem hefur það verkefni að upplýsa um beitingu eitufarna í hernáði.

Nú er spurning hvað ríkisstjórn Íslands hyggst gera, koma í vörn fyrir Julian Assange og Wikileaks opinberlega eða slást í för með þeim sem vilja hefta gagnrýna fjölmiðla. Það var óneitanlega slæmt að horfa upp á aðstoð stjórnvalda við bandarísku lögregluna í sumar við að þrengja að Julian Assange, og það skýrt sem hvert annað lögreglusamstarf, þegar það í raun var pólitik og það ljót pólitik. Það var líka undarlegt að verða vitni að því að ríkisstjórnin skyldi kæra Seðlabankann til lögreglunnar fyrir að koma upplýsingum á framfæri við fjölmiðil. Nú hefur komið á daginn að rík ástæða var fyrir að veita þær upplýsingar.

En nú er lag fyrir ríkisstjórnina að reka af sér slyðru-orðið.

Gullverðlaunapylsa

Meistarafélags kjötiðnaðarmanna

10 pylsur
395 kr./pk.
Bónus Vínarpylsur
485 g, 10 stk.

BONUS **EKKERT BRUÐL**

Vísindi og skoðanir

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Á borgarafundi RÚV um loftslagsmál á dögunum kom til áhugaverðra samskipta milli vísindamanna og blaðamanns, sem vildi þó ekki láta kalla sig „loftslagsafneitara“ eins og skrifað var í frétt um viðburðinn og er þá væntanlega átt við loftslagshlýnunarafneitara — því skrytið væri ef einhver vildi afneita loftslagi sem slíku (en hvað veit maður?) — en hvað um það: Samskiptin voru semsagt áhugaverð. Blaðamaður, Erna Yr Óldudóttir, var kveðin í kútinn með þau sjónarmið sín að leiðigjarnt væri að sífellt væri verið að vitna í þröngan hóp vísindamanna um eðli loftslagshlýnunar, og að sjónarmiðin væru svo miklu fjölbreyttari. Þau eru það semsagt ekki, eins og þau Elin Björk Jónasdóttir veðurfræðingur og Sævar Helgi Bragason jarðfræðingur röktu æði skilmerkilega. Vísindasamfélagið í heild sinni, þúsundir vísindamanna um allan heim, er sammála: Hlýnun loftslags er grafalvarlegt og fordæmalaust mál og er af manna völdum en ekki til dæmis eldgosa. Bregðast þarf við með hraði.

Sem sjónvarpsefni var þetta auðvitað stórskemmtilegt. Ég velti fyrir mér hvort ekki mætti spinna þennan þráð aðeins lengra og skapa frekara skemmtiefni fyrir áhorfendur. Sjáði til: Eitt hressilegasta einkenni samtíma okkar er það hvað fólk er almennt orðið kokhraust með skoðanir sínar. Allir reka sinn fjölmiðil á samfélagsmiðlum og framboð alls konar upplýsinga, sannra og ósannra, fyllir hauga. Allir geta

slegið um sig. Þetta eru kjöraðstæður fyrir sjónvarpsþáttaröð. Hún gæti verið á laugardagskvöldum og heitið einfaldlega „Skoðanir og vísindi“. Þar yrði vísindamönnum og fólki með skoðanir teft saman í sjónvarpsal í klukkustund eða svo og orðið gefið laust. Hér eru tillögur að sex þáttum.

1. þáttur – DNA

Kári Stefánsson vísindamaður og forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar mætir í sjónvarpsal og fer yfir þýðingu erfða og hvernig kjarnasýrurnar DNA og RNA eru mikilvægar fyrir lífverur. Á öndverðum meiði yrði Völundur Ævarsson fjárfestir sem myndi lýsa því hvernig hann hefði lengi haft grunsemdir um að DNA væri ekki til og að honum þætti það mikill ábyrgðarhluti að skammstöfun sem enginn vissi í raun hvað þýddi væri sífellt notuð í almennri umræðu. Sjálfur hefði hann aldrei erfð neitt.

2. þáttur – Sólmiðjukenningin

Í þessum þætti mætast þau Þorsteinn Sæmundsson stjórnufræðingur og Sigþrúður Elfur Beck skrifstofustjóri og takast á um sólmiðjukenninguna, svokölluðu. Í þættinum mun Sigþrúður benda á hið augljósa, sem allir sjá á degi hverjum, að það er sólin sem hreyfist en ekki jörðin. Missið ekki af æsisþennandi umræðum.

3. þáttur – Tilvist geðsjúkdóma

Hér mun Þórgunnur Ársælsdóttir, yfirlæknir bráðateymis geðsviðs Landspítala, fara yfir áhrif ýmiss konar geðsjúkdóma, svokallaðra, á



Sem sjónvarpsefni var þetta auðvitað stórskemmtilegt. Ég velti fyrir mér hvort ekki mætti spinna þennan þráð aðeins lengra og skapa frekara skemmtiefni fyrir áhorfendur.

líðan fólks og hvernig megi bregðast við slíku ásigkomulagi. Á öndverðum meiði verður Geir Þrándur Brandsón hönnuður sem lengi hefur verið þeirrar skoðunar að geðsjúkdómar séu aumingjaskapur og að áður fyrr hafi fólk ekki átt í vandræðum með að hrista svona af sér. Hrútskýrt verður.

4. þáttur – Lotukerfið

Katrín Lilja Sigurðardóttir efnafræðingur mætir hér Ingiríði Sóleyju Númadóttur heildsala. Rætt verður hvor útgáfan af lotukerfinu eigi meira rétt á sér, sú sem rússneski efnafræðingurinn Mendelejev setti fyrst fram vísi að árið 1869 eða sú sem Ingiríður Sóley hefur unnið að á undanförunum árum á internetinu.

5. þáttur – Skaðsemi reykinga

Agnes Smáradóttir, yfirlæknir lyf-

lækninga krabbameina, mætir hér Ívari Freymóðssyni framkvæmdastjóra. Ívar mun rekja áhugaverð dæmi um skaðleysi reykinga, þvert á yfirlýsingar Agnesar. Til dæmis hafi amma Ívars lifað til 98 ára aldurs þrátt fyrir að hafa reykt pakka á dag og öll þjóðin hafi einnig fylgst með afrekum hins frækna fótboltagarps Preben Elkjær Larsens með gullaldarliði Dana á áttunda og niunda áratug síðustu aldar, en Preben Elkjær reykti þrjá pakka á dag og skoraði samt fullt af mörkum.

6. þáttur – Gróðurhúsaáhrifin

Lokaþátturinn í sjónvarpsþáttaröðinni yrði að sjálfsögðu um mesta hitamálið, ef svo skemmtilega má að orði komast. Er hitastig að hækka á Jörðinni af manna völdum? Verða afleiðingarnar miklar ef ekkert er að gert? Aðurnefnd Elin Björk Jónasdóttir veðurfræðingur mætir hér Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni áhugamanni um skipulagsmál. Sigmundur mun vitna í nýbirta grein sína í The Spectator um það hvernig lítill ástæða er til að hafa miklar áhyggjur af bráðnun jökla og þess háttar. Um það séu til gagnmerkar heimildir, allt frá Ara fróða og uppúr, að veðrið hafi alla tíð verið alls konar á Íslandi. Stundum heitt, stundum kalt, stundum rok og stundum jafnvel skafrenningur. Þetta viti allir og lítill ástæða til að gera mikið veður út af því, ef svo mætti segja.

Að því sögðu yrði botninn sleginn í þáttaröðina. Öllum til nokkurs fróðleiks og gamans.

Dacia Duster 4x4

Vetrardekk fylgja öllum Dacia Duster

Dacia Duster II Comfort, beinskiptur, 1,5 L dísil, 4WD: Media NAV leiðsögukerfi með Íslandskorti, 7" snertiskjár, 16" álfelgur, 21 cm veghæð, sex girar, stillanlegt fjórhjóladrif, þokuljós, fjarlægðarskynjarar að aftan, hraðastillir (Cruise Control). Sportjeppi sem er rómaður fyrir áreiðanleika, sparneytni og ríkulegan staðalbúnað.

www.dacia.is

Duster á sérverði 3.740.000 kr.

Verðlistaverð: 3.990.000 kr.

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf.
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Dele Alli

Fæddur árið 1996 en hann er borinn og barnfæddur í Milton Keynes þar sem hann sleit barnsskólum í fótboltanum. Alli hóf að spila með aðalliði MK Dons keppnistímabilið 2012 til 2013 en hann fór fljótlega að vekja áhuga stóru liðanna á Englandi með góðri frammistöðu sinni þar. Steven Gerrard, fyrirlíði Liverpool, var fenginn í það hlutverk að freista þess að laða Alli til Bitlaborgarinnar en á endanum ákvað hann að fara til Tottenham Hotspur í febrúar árið 2015. Alli náði strax að slá í gegn hjá Tottenham Hotspur en hann var valinn besti ungi leikmaðurinn í ensku úrvalsdeildinni fyrstu tvö árin þar og sömuleiðis í lið ársins í deildinni.

●● Þegar ég ræddi við Alli í vikunni spurði ég hann hvort það hefði verið hann eða bróðir hans sem var að spila fyrir Tottenham síðustu mánuðina. Ég sagði honum að ég þyrfti á honum að halda í betra formi.

José Mourinho fyrir leik
knattspyrnustjóri Tottenham.

